



# Vátryggingafélag Íslands hf.

## Afkoma ársins 2013

Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2013 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 25. febrúar 2014. Verður hann lagður fyrir aðalfund þann 13. mars 2014 til staðfestingar.

## Helstu niðurstöður

- Hagnaður félagsins eftir skatta var 2.154 m.kr. (4F13: 111 m.kr.) samanborið við 3.025 m.kr. hagnað árið 2012 (4F12: 1.279 m.kr.).
- Hagnaður ársins eftir skatta nam 0,86 krónum á hlut.
- Iðgjöld ársins námu 16.090 m.kr. (4F13: 4.061 m.kr.) samanborið við 16.460 m.kr. árið 2012 (4F12: 4.333 m.kr.).
- Framlegð af vátryggingarekstri nam 503 m.kr. (4F13: 42 m.kr.) samanborið við 385 m.kr. árið 2012 (4F12: -15 m.kr.).
- Samsett hlutfall var 97,8% (4F13: 100,0%) samanborið við 98,5% árið 2012 (4F12: 101,4%).
- Fjármunatekjur námu 2.631 m.kr. (4F13: 174 m.kr.) samanborið við 3.936 m.kr. árið 2012 (4F12: 1.574 m.kr.).
- Heildareignir í lok ársins námu 46.254 m.kr. samanborið við 43.452 m.kr. í árslok 2012.
- Fjárfestingaeignir félagsins námu 37.255 m.kr. samanborið við 34.706 m.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé félagsins nam 16.624 m.kr. í lok ársins samanborið við 14.470 m.kr. í árslok 2012.
- Arðsemi eigin fjár var 13,9% samanborið við 23,2% árið 2012.
- Eiginfjárlutfall var 35,9% í lok ársins.
- Gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 3,74 í lok ársins en var 3,75 í lok árs 2012.
- Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að 85% af hagnaði ársins verði greiddur út sem arður til hluthafa félagsins, samtals 1.831 m.kr., sem samsvarar um 0,73 krónum á hlut.

## Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Rekstur félagsins gekk vel á árinu 2013 og var hagnaður ársins 2.154 m.kr. eða sem samsvarar um 13,9% arðsemi á eigið fé þess. Samsett hlutfall félagsins á árinu 2013 var 97,8% og lækkar frá fyrra ári, þegar það var 98,5%. Það er mjög ánægjuleg þróun og góður árangur að samsett hlutfall félagsins hafi farið lækkandi og sé undir 100% annað árið í röð. Ávöxtun eignasafnsins var jafnframt ágæt við krefjandi markaðsaðstæður og nam 7,4% á árinu 2013. Hagnaður félagsins á fjórða ársfjórðungi nam tæpum 111 m.kr. og er meginskýringin á minni hagnaði í fjórðungnum annars vegar stórt tjón, sem tilkynnt var til félagsins á tímabilinu og hækkar eigin tjónakostnað um 150 m.kr., og hins vegar neikvæð þróun á markaðsverði ríkistryggðra skuldabréfa og neikvæð áhrif styrkingar krónunnar á eignasafn félagsins. Á móti kemur að innlent hlutabréfasafn félagsins skilaði ágætri ávöxtun. Vátryggingarekstur á fjórða ársfjórðungi ársins var betri en hann var á fjórða ársfjórðungi 2012.

Ágætur árangur náðist á árinu í að lækka rekstrarkostnað félagsins en hann nam 3.934 m.kr. árið 2013 samanborið við 4.044 m.kr. 2012.

Gjaldþol samstæðunnar var 13,9 ma.kr. í lok ársins og leggur stjórn félagsins til við aðalfund þess að 1.831 m.kr. eða sem nemur 85% af hagnaði ársins verði greiddur sem arður til hluthafa. Þetta er í samræmi við arðgreiðslustefnu sem félagið setti sér í byrjun árs 2013.

Í lok ársins nam vátryggingaskuld samstæðunnar 27,1 ma.kr. en eignir til jöfnunar vátryggingaskuldar voru 38,2 ma.kr., eða 11,1 ma.kr. hærrí sem endurspeglar fjárhagslegan styrk VÍS“.

Vakin er athygli á að Lífis varð hluti af samstæðu félagsins þann 1. apríl 2012 svo tölur eru ekki að fullu samanburðarhæfar á milli árána 2012 og 2013.

## Tillaga stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu

Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur um kr. 0,73 á hlut fyrir árið 2013. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 1.831 milljón króna sem samsvarar 85% af hagnaði félagsins. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2014 sem þýðir að einungis skráðir hluthafar í lok dags 18. mars 2014 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 14. mars 2014 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 10. apríl 2014.

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði að öðru leyti fluttur til næsta árs.



## Tillaga stjórnar til aðalfundar um heimild til kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins mun leggja það til við aðalfund þess þann 13. mars 2014 að aðalfundur heimili stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutfé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Tilgangur heimildarinnar er að gefa stjórn félagsins möguleika á að kaupa eigin hluti.

## Horfur

Stefna félagsins er að leggja áfram áherslu á áhættumat og verðlagningu vátryggingaráhættu ásamt öflugu forvarnarstarfi til að fækka tjónum. Unnið er markvisst að því að einfalda og auka skilvirkni í starfsemi félagsins. Jafnframt er áframhaldandi áhersla á að ná traustri langtímaávöxtun á fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins.

## Um VÍS

VÍS er leiðandi fyrirtæki á sviði vátrygginga á Íslandi. VÍS nýtur sterkar stöðu á íslenskum vátryggingamarkaði með liðlega þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður upp á víðtæka vátryggingaþjónustu til viðskiptavina sinna þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um vátryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Meginstarfsemi VÍS er á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og starfrækir félagið 39 þjónustuskrifstofur víðsvegar um land. VÍS leggur áherslu á að starfsmenn og umboðsmenn félagsins vinni eftir grunngildum félagsins sem eru umhyggja, fagmennska og árangur.

## Hlutverk VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi vátryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

## Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 25. febrúar n.k. kl. 16:15. Þar kynni Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum.

Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: [www.vis.is](http://www.vis.is)

## Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Aðalfundur 2014	13. mars 2014
1. ársfjórðungur 2014	29. apríl 2014
2. ársfjórðungur 2014	19. ágúst 2014
3. ársfjórðungur 2014	28. október 2014
Ársuppgjör 2014	24. febrúar 2015
Aðalfundur 2015	12. mars 2015

## Nánari upplýsingar


Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is).




**Rekstraryfirlit**

	m.kr.	2013	2012
<b>Rekstur</b>	Iðgjöld ársins	16.090	16.460
	Eigin iðgjöld	15.447	15.871
	Fjármunatekjur	2.631	3.936
	<b>Heildartekjur</b>	<b>18.233</b>	<b>19.939</b>
	Tjón ársins	-12.667	-12.113
	Eigin tjón	-11.663	-12.067
	Rekstrarkostnaður	-3.936	-4.044
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-15.677</b>	<b>-16.256</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>2.154</b>	<b>3.025</b>
	<b>Hlutföll</b>	Tjónahlutfall	78,7%
Eigið tjónahlutfall		75,5%	76,0%
Kostnaðarhlutfall		21,4%	21,6%
Endurtr.kostnaðarhlutfall		-2,2%	3,3%
<b>Samsett hlutfall</b>		<b>97,8%</b>	<b>98,5%</b>
Eiginfjárlutfall		35,9%	33,3%
Arðsemi eiginfjár		13,9%	23,2%
<b>Gjaldþolshlutfall</b>		<b>3,74</b>	<b>3,75</b>

**Samsett hlutfall**



**Eigið tjónahlutfall**



**Efnahagsyfirlit**

	m.kr.	31.12.2013	31.12.2012
<b>Efnahagur</b>	<b>Eignir</b>		
	Fjárfestingar	33.919	30.388
	Laust fé	2.662	4.318
	Viðskiptakröfur	4.811	4.797
	Endurtryggingaeignir	1.426	567
	Aðrar kröfur	994	916
	Óefnislegar eignir	926	982
	Aðrar eignir	1.516	1.484
	<b>Eignir samtals</b>	<b>46.254</b>	<b>43.452</b>
	<b>Skuldir</b>		
	Eigið fé	16.624	14.470
	Vátryggingaskuld	27.083	26.204
	Viðskiptaskuldir	472	1.167
	Aðrar skuldir	2.075	1.611
<b>Skuldir samtals</b>	<b>46.254</b>	<b>43.452</b>	
<b>Hlutföll</b>	Eiginfjárlutfall	35,9%	33,3%
	Gjaldþolshlutfall	3,74	3,75

**Til athugunar fyrir fjárfesta**

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.